

Starfsþróun kennara stuðlar að aukinni virkni nemenda í námi sínu (Professional development for enhancing students' active learning)

Lokaskýrsla Erasmus+ verkefnis 2016-2017

Menntaskólinn við Sund

Project Summary

The main elements to be mentioned are: context/background of the project; objectives; number and type/profile of participants; description of undertaken activities; results and impact attained; if relevant, longer-term benefits.

Með verkefninu Starfsþróun kennara stuðlar að aukinni virkni nemenda í námi sínu vill Menntaskólinn við Sund stuðla að framförum á sviði starfsþróunar starfsmanna sinna bæði almennt til að styðja við innleiðingu kennslufræði um virkni og ábyrg nemenda á námi sínu og einnig sérstaklega á sviði starfendarannsókna, við innleiðingu hugmyndafræðinnar Building Learning Power í öllum námsgreinum, sögukennslu, dönskukennslu og stærðfræðikennslu innan skólans. Tilgangurinn er að auðvelda skólanum að ná markmiðum sínum um framsækið skólastarf sem gerir nemendur hæfari til þátttöku í nútímalegu alþjóðlegu umhverfi. Ennfremur er tilgangurinn að efla starfsfólkið faglega til að takast á við krefjandi breytingarferli um gerð nýrrar skólanámskrár með verkefnatengt nám í fyrirrúmi og innleiðingu kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem hentar vel í nýju námsskipulagi í þriggja anna kerfi skólans. Fagstjóri í dönsku sótti námskeið dönskukennari í júní 2016 í Danmörku þar sem áherslan var á nýjar kennsluaðferðir og nýjar námsmatsaðferðir út frá hæfni nemenda í samræmi við nýja námskrá framhaldsskólans. Þarna veittu danskir sérfræðingar innsýn í breytingar og þróun á tungumálakennslu í Danmörku. Sjö fulltrúar úr starfendarannsóknarhópi MS sóttu alþjóðlega ráðstefnu CARN í Lincoln á Englandi í nóvember 2016, þar af fimm á Erasmus+ styrk. Þar kynntu þau starf rannsóknarhópsins í MS, sínar rannsóknir og kynntust margvíslegum alþjóðlegum verkefnum um skólastarf og efldu hæfni sína í aðferðafræði starfendarannsókna. Hópurinn hefur lagt áherslu á að auka námsvirkni nemenda í kennslustundum og auka bein áhrif nemenda á skipulag náms síns sem nýtist beint við innleiðingu nýr þriggja anna kerfis, nýrrar námskrár og við að minnka brotthvarf nemenda. Fjórir starfsmenn sóttu námskeið um Building Learning Power í október á Englandi og fóru í skólaheimsókn þar sem hugmyndanfræðin BLP hefur verið innleidd. Áherslan á að beina athygninni að starfsháttum í kennslustofunni og að efla nemendur sem námsmenn er í miklu samræmi við áhersluna í okkar nýju kennslufræði um virkni nemenda í náminu og höfðar sterkt til kennara í öllum kennslugreinum. Áherslan er á að rækta með ungu fólki venjur og viðhorf sem auðvelda þeim að takast á við erfiðleika og óvissu á yfirvegaðan hátt. Kjörorðin eru þrautseigja, ráðsnilld, íhygli og gagnkvæmni. Einn stærðfræðikennari fór í viku skólaheimsókn (job shadowing) í tvo framhaldsskóla á Englandi, annar er skóli sem er mjög sterkur við innleiðingu á Building Learning Power

og hinn er sterkur í stærðfræðikennslu og hún sótti einnig ráðstefnuna um BLP. Tveir sögukennarar sóttu ráðstefnu Euroclio, evrópsku sögukennara-samtakanna, í apríl 2017 í San Sebastian á Spáni. Þar kom fólk alls staðar að úr Evrópu og kynnti sitt starf, nýjungar í kennslu og námsgagnagerð. Það er mjög mikilvægt fyrir kennara að hafa tækifæri til að kynna alþjóðlegu starfi á sínu fagsviði og mynda tengsl við evrópska sögukennara. Allir þátttakendur í verkefninu Starfspróun kennara stuðlar að aukinni virkni nemenda í námi sínu, eflingu hæfni sína á sínu sérsviði, víðsýni þeirra jókst, eflingu sig í beitingu erlendra tungumála, sköpuðu alþjóðleg tengsl á ofangreindum sviðum með möguleika á áframhaldandi samstarfi. Verkefnið veitti ný tækifæri til starfsþróunar starfsfólks og stuðlaði enn fremur að aukinni ánægju þeirra í starfi. Með kynningum á niðurstöðum og reynslu þátttakenda í þjálfunarferðunum fyrir öllu starfsfólki skólans skilar verkefnið árangri með hæfara starfsfólki til að takast á við breytingaferlið í skólanum og öflugra faglegu starfi sem aftur skilar sér í öflugra starfi með nemendum og bættum námsárangri þeirra.

Description of the project

To what extent were the objectives of the European Development Plan achieved? How were they reached? Please comment on any objectives that were not achieved in the project. Please describe achievements that exceeded initial expectations.

Markmið skólans er að stuðla að stöðugri starfsþróun starfsmanna skólans í gegnum nám alla ævi m.a. með því að hvetja þá til að vera á faraldsfæti milli Evrópulanda til að auka þekkingu sína og víðsýni og til að auka hæfni sína til þátttöku í fjölmenningslegu samfélagi. Á skólaárinu 2016-2017 er eitt af fjórum meginmarkmiðum MS í árlegri aðgerðaráætlun skólans að draga til okkar nýjustu strauma og stefnur í gegnum erlent samstarf. Þátttaka í Erasmus+ verkefnum hjálpar okkur að ná þessu markmiði okkar.

Markmið skólans er að auka gæði og sveigjanleika í námi til að geta betur komið á móts við þarfir nemenda. Við innleiðingu á nýrri námskrá og nýju þriggja anna kerfi í skólanum höfum við að leiðarljósi kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem byggir á fjölbreyttri skapandi verkefnavinnu nemenda. Námsferðir starfsmanna í Erasmus+ verkefnum á námskeið dönskukennara, CARN, BLP og EUROCLIO, efla hæfni þeirra til að vinna í anda þessarar kennslufræði og fá margvíslegar nýjar hugmyndir til að vinna úr í sinni kennslu.

Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda m.a. með nýju þriggja anna kerfi og áherslu á kennslufræði sem krefst aukinnar beinnar þátttöku nemenda í skólastarfinu og aukins lýðræðis. Námsferðir starfsmanna erlendis hafa opnað augu okkar fyrir mikilvægi þess að minnka brotthvarf nemenda og vinna okkar á því sviði tengist beint hugmyndafræðinni Building Learning Power þar sem m.a. er lögð áhersla á að auka þrautseigju og úthald nemenda í námi sínu og efla sjálfstæði þeirra.

How did the participating organisations contribute to the project? What experiences and competencies did they bring to the project?

Á námskeiði dönskukennara tók þátttakandinn virkan þátt í öllu starfinu á námskeiðinu og miðlaði í verkefnavinnu og umræðum af áttatuglangri reynslu sinni sem dönskukennari við MS.

Á ráðstefnu CARN um starfendarannsóknir voru haldin tvö erindi af fjórum þátttakendum frá MS (tveir voru ekki styrkþegar) annars vegar fluttu Sigurrós Erlingsdóttir og Jóna Guðbjörg Torfadóttir íslenskukennarar erindið Flipping for creative and cooperative learning og hins vegar fluttu Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor og Hafþór Guðjónsson ytri ráðgjafa starfendarannsóknarhópsins erindið The role of an outside consultant in an action research group: Two viewpoints. Þátttakendur tóku virkan þátt í ráðstefnunni og kynntu sér og ræddu um starfendarannsóknir í skólum víðs vegar um heiminn í gegnum fyrirlestra, vinnustofur og umræðuhópa á ráðstefnunni.

Þátttakendur á Building Learning Power ráðstefnunni tóku virkan þátt í umræðum um hugmyndafræðina BLP og möguleikana á innleiðingu hennar í ýmsum námsgreinum.

Í Job Shadowing í London kynntist þátttakandinn því hvernig stærðfræðikennslu er háttað í tveimur ólíkum framhaldsskólum og ræddi hún bæði við kennara og nemendur í skólunum og kennsluna og bar hana saman við kennsluhættina í MS.

Á námskeiði EUROCLIO tóku þátttakendur virkan þátt í lærdómsferlinu í gegnum fyrirlestra, vinnustofur, skólaheimsóknir og umræðuhópa um sögukennslu. Ein úr hópnum (ekki þó styrkþegi) er formaður EUROCLIO og tekur hún þátt í undirbúningi og skipulagningu námskeiða EUROCLIO.

Kennarar í öllum hópnum hafa geta nýtt ýmsar hugmynir í sinni kennslu eftir að heim er komið og miðlað til annarra starfsmanna skólans bæði innan faggreinar og í gegnum þverfaglegt samstarf.

How did you choose the receiving organisations?

Þátttakendur höfðu sjálfir frumkvæði að því að velja þær stofnanir sem þeir heimsóttu og völdu þær ýmist sjálfir eða í samráði við samstarfsmenn sína eða fagfélög. Verkefnisstjóri um erlent samstarf auglýsir meðal allra starfsmanna eftir áhugasömum umsækjendum í nóvember til desember ár hvert og þá er einnig rætt er um mögulegt erlent samstarf á fundi starfendarannsóknarhópsins þannig að vali þátttakenda er markvisst, lýðræðislegt og gegnsætt innan skólans. Fagnámskeið fyrir dönskukennara var skipulagt af fagfélagi dönskukennara á Íslandi. Þetta er í annað skipti sem MS fær Erasmus+ styrk til að sækja CARN ráðstefnu og og CARN ráðstefnan um starfendarannsóknir í Lincoln á Englandi varð fyrir valinu því þetta eru stærstu samtökin um starfendarannsóknir í Evrópu og mikilvægt að halda góðum tengslum við þau og læra um hvað er að gerast í starfendarannsóknnum víðs vegar um Evrópu. Building Learning Power, bæði ráðstefnan með skólaheimsókn og starfsspeglun (job shadowing) urðu fyrir valinu því tveir kennarar í starfendarannsóknarhópnum höfðu farið á ráðstefnu 2015 um BLP og kynning þeirra kveikti áhuga margra kennara. BLP hugmyndafræðin höfðar sterkt til kennarahópsins og tengist beint kennslufræðinni um virkni og ábyrgð nemenda sem MS er að innleiða. Euroclio varð fyrir valinu því sögukennarar í MS eru í tengslum við samtökin sem eru mjög öflug, fagleg og starfa á evrópskum samstarfsgrunni. Einn úr sögudeildinni, Lóa S. Kristjánsdóttir hefur verið í stjórn Euroclio síðustu á og var í apríl 2016 kosinn formaður samtakanna til tveggja ára. Hér sjáum við samfellu í erlendu samstarfi skólans við CARN, BLP og Euroclio á milli ára og vonandi er hér verið að leggja grunninn að langtímasamstarfi.

What were the most relevant topics addressed by your project?

1) Early School Leaving / combating failure in Education

- 2) International cooperation, International relations, developmental cooperation
- 3) Pedagogy and didactics

In case the topics chosen are different from the ones in the application, please explain why.

Í umsókninni eru ICT nefnd sem þriðja áhersluatriðið en þar sem ekki var farin námsferð á BETT þá var í raun meiri áhersla almennt á kennslufræði og námsaðferðir sérstaklega í námsferðum til Danmerkur þar sem áherslan var á hæfnimiðað nám í dönsku samkvæmt nýrri námskrá, Building Learning Power á Englandi þar sem áherslan er lögð á sjálfstæði og seiglu nemenda í námi og kennslu- og námsaðferðir kennara og nemenda og á EUROCLIO var áhersla lögð á kennslufræði sögukennslu. Ekki fékkst styrkur til að fara á BETT ráðstefnuna en að öðru leiti voru engar breytingar gerðar á verkefnum sem slíkum frá því sem lýst var í umsókninni. En tvær breytingar voru þó gerðar. Hægt var að senda fleiri á CARN ráðstefnuna á Englandi en áætlað var vegna hagkvæms verðs á flugi og hóteli og aðeins einn kennari fór á námskeið dönskukennara í Danmörku í stað tveggja eins og áætlað var. Einnig var ákveðið að nýta umsýslukostnaðinn til að senda fleiri á Building Learning Power ráðstefnuna í London. Ákveðið var að job shawoding hjá stærðfræðikennara í London yrði ekki aðeins í einum skóla heldur samanstæði af heimsóknum í tvo skóla og ráðstefnu um Building Learning Power. Það var gert í samráði við starfmenn Erasmus+ á Íslandi.

Which activities did you carry out in order to assess the extent to which your project has reached its objectives and produced results? How did you measure the level of success?

Við gátum nýtt okkur könnunina sem fylgir Erasmus+ Mobility tool sem er mjög gagnleg. Það þurfti þó að endursenda hana til tveggja þátttakenda og fengum við góða aðstoð starfsmanns á skrifstofu Erasmus+ við að endursenda könnunina til þeirra. Mat á ferðunum fór einnig fram á þeim fundum þar sem námsferðirnar voru kynntar og umræður um þær fóru fram þ.e. á fundi starfendarannsóknarhópsins þar sem ferðin á CARN var kynnt og rædd, fundi dönskukennara þar sem námskeið dönskukennara var kynnt og rætt, fundi sögukennara þar sem EUROCLIO var kynnt og rædd, og á starfsmannafundi vorið 2017 þar sem ferðir á Building Learning Power og EUROCLIO voru kynntar og ræddar.

Implementation of the project

How did the participating organisations manage practical and logistical matters (e.g. travel, accommodation, insurance, safety and protection of participants, visa, work permit, social security, mentoring and support, preparatory meetings with partners etc.)?

Þátttakendur sáu sjálfir um að skrá sig á ráðstefnur og panta flug og hótél í samvinnu við fjármálastjóra og verkefnisstjóra með hverri ferð. Allir þátttakendur sáu sjálfir um sínar ferðatryggingar og eru allir handhafar evrópska sjúkratryggingarkortsins. Kallað var eftir upplýsingum um nr og gildistíma vegabréfa til að tryggja að þátttakendur lentu ekki í vandræðum út af vegabréfum sínum.

How were quality and management issues (e.g. setting up of agreements with partners, learning agreements with participants, etc.) addressed and by whom?

Skipaður var verkefnisstjóri með hverri námsferð sem hafði frumkvæði og skipulagði að þátttakendur gerðu Mobility Agreement þar sem sett voru fram markmið ferðar, nákvæm dagskrá og upplýsingar um móttakanda (the receiving organisation). Verkefnisstjórar sáu einnig um stuðning á meðan á ferðinni stóð, fá staðfestingu móttakanda á þátttöku í hverju verkefni, voru til taks ef eitthvað kæmi upp á í ferðinni og fylgdu því eftir að þátttakendur svöruðu könnun um reynsluna af ferðinni. Konrektor sá um að útbúa Grant agreement fyrir hverja ferð í samráði við verkefnisstjóra og fjármálastjóra MS. Verkefnisstjóri um erlent samstarf var tengiliður skólans við konrektor og verkefnisstjóra í hverri ferð.

What kind of preparation was offered to the different types of participants (e.g. task-related, intercultural, linguistic, risk prevention etc.)? Who provided such preparatory activities? How did you assess the usefulness of such preparatory activities?

Það voru ekki skipulög undirbúningsnámskeið fyrir ferðirnar enda hafa allir þátttakendur reynslu af slíkum námsferðum. Verkefnisstjórar sáu um að senda viðeigandi upplýsingar til þátttakenda og halda undirbúningsfundi eftir þörfum.

How were monitoring and/or the support of participants carried out during the project?

Verkefnisstjórar hvers verkefnis sáu um stuðning við þátttakendur á meðan á námsferðinni stóð, bæði meðan á ferðum stóð og meðan á dvöl erlendis stóð. Verkefnisstjórar voru einnig í beinu tölvusambandi við konrektor. Þátttakendur hittust á undirbúningsfundum og einnig á milli viðburða á meðan á námsferðinni stóð til að miðla upplýsingum sín á milli og ræða um reynslu sína og upplifun af námskeiðinu. Þetta er mikilvægt bæði til að festa í minni reynsluna og ýmsar hugmyndir sem kvikna, til að efla námsferlið í gegnum umræður og ennfremur til að efla félagsleg tengls á milli þátttakenda. Þátttakandi í Job Shadowing í London var reyndar einn á ferð í skólaheimsóknunum en var í sambandi við annan hóp sem var að hluta til á sama tíma á ráðstefnu í London um Building Learning Power.

Please describe any problem(s) or difficulty you encountered during the project and the solutions(s) applied.

Engin vandamál komu upp í námsferðunum sjálfum.

Mjög gott er að geta flutt fjármagn á milli námsferða til að gera okkur kleyft að senda fleiri kennara í námsferðirnar því eftirspurnin er mjög mikil. Til dæmis komst ekki annar þátttakandinn á námskeiðið til Danmerkur eins og áætlað var og þá var gott að geta flutt styrkinn yfir á önnur verkefni. Einnig nýttum við hluta að umsýslukostnaðinum til að senda fleiri í námsferðirnar heldur en upphaflega var áætlað.

Did you use parts of the 'organisational support' grant for the linguistic preparation of participants involved in the project?

No

What kind of linguistic support did you offer?

Það var ekki veitt nein aðstoð við undirbúning á sviði tungumála þar sem það var ekki talið nauðsynlegt þar sem allir þátttakendur eru mjög sterkir í því tungumáli sem notað var í hverri námsferð þ.e. ensku og dönsku.

Activities

Job Shadowing 1

Structured Courses/Training Events 13

Total 14

Please describe how the activities were organised. What were the working methods used? How did you cooperate and communicate with participating organisations? Please also indicate and explain the reasons for eventual changes between the activities you planned at application stage and those finally realised. If applicable, please explain how eTwinning was used in implementation of the activities.

Námsferðirnar voru fjölbreyttar því um var að ræða ráðstefnu, námskeið, ráðstefnu með skólaheimsókn og fylgst var með störfum kennara í kennslu í framhaldsskóla. Námskeiðin/ráðstefnurnar voru skipulagðar af Fagfélagi dönskukennara, CARN, Building Learning Power og EUROCLIO og fóru samskipting við þær stofnanir fram í gegnum tölvupóst þar sem skráning, pöntun hótél og fl. var skipulagt. Nákvæm vikulöng dagskrá í Job shadowing ferðinni til tveggja framhaldsskóla í London var skipulög af þátttakandanum sjálfum, Sigrúnu Lilju Guðbjörnsdóttur.

Engar breytingar voru gerðar á vali stofnana til að heimsækja í námsferðunum.

eTwinning var ekki nýtt við framkvæmd námsferðanna.

Participants' Profile

Please describe the background and profile of the participants (age, gender, ethnicity, professional profile, etc.) that have been involved in the project and how these participants were selected.

Alls fengu fjórtán starfsmenn Erasmus+ styrki í fimm verkefnum skólaárið 2016-2017. Þetta voru 11 konur og 3 karlar. Aldursdreifingin var þannig að sex voru á milli fertugs og fimmtugs, þrír á milli fimmtugs og sextugs og fimm yfir sextugt. Tveir stjórnendur þ.e. rektor og námskrárstjóri, níu millistjórnendur sem einnig eru kennarar að aðalstarfi og 3 kennarar. Þátttakendur komu af ólíkum sviðum og kennslugreinum þ.e. dönsku, frönsku, félagsfræði, hagfræði, íslensku, jarðfræði, líffræði, lýðræðisvitund, sögu, stærðfræði og af stjórnendasviðinu. Þátttakendur höfðu allir frumkvæði af því að sækja um Erasmus+ styrk fyrir sérstakt verkefni.

Participants feedback

Please give a summary of the feedback given by your participants and if relevant, any points for improvement and problems encountered.

Þátttakendur voru allir mjög ánægðir með námsferðir sínar og töldu sig hafa lært mikið af þeim og þær hafa ítt undir persónulega og faglega þróun sína. Þetta kom mjög skýrt fram í kynningum þátttakenda fyrir starfsmenn bæði á starfsdegi og á fundum í starfendarannsóknarhópnum sem og fagfundum. Þátttakendur juku hæfni sína til að innleiða nýjungar í sinni kennslugrein, kynntust nýjum evrópskum straumum á sviði kennslufræði í dönsku, sögu, stærðfræði, aðferðafræði starfendarannsókna og hugmyndafræðinni Building Learning Power. Þátttakendur telja sig hæfari til að innleiða nýjungar í skólastarfinu og til að leiða breytingastarf m.a. kennslufræðina um

virgni og ábyrgð nemenda. Þátttakendur byggðu upp ný tengsl erlendis, juku þekkingu sína á menntakerfi og uppbyggingu skólustarfs í viðkomandi löndum og fengu aukna félagslega færni, sérstaklega þjálfun í samskiptum á erlendu tungumáli. Þátttakendur efldu einnig tungumálahæfni sína í námsferðunum og starfsánægjan jókst. Ferðirnar auka samheldni hópsins og það bætir starfsandann í skólanum. Þátttakendur hafa nýtt lærdóminn úr námsferðunum til að innleiða nýjungar í starfi með nemendum sem eflir þau sem sjálfstæða og virka námsmenn sem mun bæta námsárangur þeirra.

Learning Outcomes and Impact

Please describe, for each activity implemented, which competences (i.e. knowledge, skills and attitudes/behaviours) were acquired/improved by participants in your project? Were these in line with what you had planned? If not, please explain.

Sú þekking og reynsla sem starfsfólk Menntaskólans við Sund öðlaðist í Erasmus+ námsferðunum vikkaði sjóndeildarhring þeirra og jók almennt þekkingu þeirra og færni í starfi. Á þessu skólaári innleiðum við nýtt þriggja anna kerfi í skólanum og áfram er unnið að innleiðingu nýrrar námskrár og kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu. Ferðir á ráðstefnur/námskeið um dönskukennslu, starfendarannsóknir, hugmyndafræðina Building Learning Power og sögukennslu stuðluðu að því að starfsmennirnir uppgötvuðu ný tækifæri fyrir starfseminu í skólanum. Þeir hafa miðlað hluta þeirrar þekkingar til samstarfsfólksins á starfsmannafundum þannig að hún nýtist öllum starfsmönnum og nemendum til hagsbóta.

Allir þátttakendur efldu hæfni sína á sínu sérsviði sem aftur eykur hæfni þeirra til að taka virkan þátt í og vera í jákvæðu forystuhlutverki í því mikla breytingaferli sem skólinn er núna að ganga í gegnum. Námsferðirnar gáfu þátttakendum ýmsar nýjar hugmyndir sem koma sér nú vel við að útbúa fjölbreytt verkefni fyrir nemendur. Námsferðirnar stuðluðu að faglegri og persónulegri starfsþróun þátttakenda, þeir koma með nýjar hugmyndir frá Evrópu og eru tilbúnari til að leiða breytingaferlið sem skólinn er að ganga í gegnum með nýbreytni í starfi og víðari sýn á evrópska vísu. Þátttakendur efldu einnig tungumálahæfni sína og eru betur í stakk búnir fyrir áframhaldandi samstarf við kennara og annað starfsfólk í framhaldsskólum víðs vegar um Evrópu. Jákvæð reynsla af þessum námsferðum eykur einnig löngum þeirra og vilja til áframhaldandi evrópsk samstarfs sem og vilja annarra starfsmanna til þátttöku í Erasmus+ námsferðum eins og umsókn okkar fyrir skólaárið 2017-2018 sýnir mjög vel.

Þátttakandi á námskeiði dönskukennara öðlaðist aukna þekkingu og hæfni til að beita nýjum kennsluaðferðum í dönsku sem miða að því að auka hæfni nemenda í dönsku og auka virkni í námi nemenda. Í framhaldi af því tók hún upp samstarf við kennara í dönskum framhaldsskóla og hefur nú fengið Erasmus+ styrk til að fara þangað í viku job shadowing skólaárið 2017-2018.

Þátttakendur á CARN juku þekkingu sína í aðferðafræði starfendarannsókna, öðluðust hæfni í að beita nýrri aðferð við kynningu á ráðstefnu sem tengist beint innleiðingu vendináms (flipped classroom), juku leikni sína í því hvernig hægt er að láta nemendur taka þátt í starfendarannsóknum í gegnum námið, juku þekkingu sína á tengslaneti kennara sem stunda rannsóknir á eigin starfi og fjölbreyttum dæmum um starfendarannsóknir. Einn þátttakandi frá Írlandi kynnti fyrir hópnum gagnlega ráðstefnu kennara í Dublin á Írlandi, Féilte sem hópur kennara frá MS mun sækja í Erasmus+ námsferð haustið 2017.

Þátttakendur í ráðstefnunni um hugmyndafræðina Building Learning Power juku þekkingu sína á hugmyndafræðinni BLP og þekkingu sína og hæfni til að innleiða BLP í kennslu í sínum kennslugreinum. Þau öðluðust leikni í að beita grunnhugtökum BLP en eitt af áhersluatriðum hugmyndafræðinnar er að kennarar og nemendur þrói tungutak og hugtök til að ræða saman um nám nemendanna til að gera nemendur meðvitaðri um sínar námsvenjur og hvað þarf að gera til að ná árangri í náminu.

Þátttakandinn í Job Shadowing námsferðinni jók þekkingu sína á fjölbreyttum námsaðferðum í stærðfræði og þekkingu sína á því hvernig hægt er að innleiða Building Learning Power hugmyndafræðina í stærðfræðikennslu.

Þátttakendur á EUROCLIO juku þekkingu sína og hæfni í kennslufræði sögu í gegnum fjölbreytt dæmi um hvernig hægt er að læra af sögunni, fjölbreytt sagnfræðileg verkefni, kynningu á nýju kennsluefni og umræðum við kennara í skólaheimsóknum.

Please describe, for each activity, the methods used to evaluate learning outcomes (e.g. through reflections, meetings, monitoring of learning outcomes)?

Við nýttum könnunina sem fylgir Erasmus+ Mobility tool fyrir þátttakendur í öllum fimm námsferðunum og er hún gagnleg bæði fyrir þátttakendurna sjálfa að setjast niður eftir ferðina og ígrunda hvað þeir hafa lært og hver áhrifin eru og niðurstöðurnar eru einnig gagnlegar fyrir skólann til að sjá áhrifin af Erasmus námsferðunum.

Einnig fór mikilvægt mat fram á starfsmannafundum þegar þátttakendur kynntu námsferðirnar á Building Learning Power og EUROCLIO fyrir öllum starfsmönnum skólans á starfsdögum í vor og ferðina á CARN fyrir starfendarannsóknarhópnum í nóvember 2016. Ferð á námskeið dönskukennara var kynnt á fundi dönskukennara. Skólaheimsókn um stærðfræðikennslu var kynnt fyrir stærðfræðikennurum. Á öllum þessum fundum fóru fram gagnlegar umræður um innihald námskeiðanna og ferðanna í kjölfar vel undirbúninna og líflegra kynninga ferðalanganna. Einnig er hægt að meta árangurinn í því að eftir kynningar á námsferðunum síðustu tvö árin þá hefur áhugi kennara á þátttöku í Erasmus+ verkefnum og öðrum erlendum samskiptum aukist mikið innan skólans. Yfir 40 kennarar fóru í námsferð til Berlínar á vorönn 2017, MS tók á móti 25 kennurum víðs vegar frá Evrópu á vorönn 2017, tveir kennarar komu með 30 nemendur í heimsókn frá Færeyjum í maí 2017, búið er að setja á fót samstarfsverkefni með framhaldsskóla í Danmörku með gagnkvæmum heimsóknum kennara og nemenda og komu þau í fyrstu heimsóknina í MS í apríl 2017. MS mun taka þátt í samstarfsverkefni með framhaldsskólum í fjórum löndum um gagnkvæm nemendaskipti næstu tvö árin.

Please describe any impact on the participants, participating organisations, target groups and other relevant stakeholders. In particular, how has the project improved the quality of the participating organisation' regular activities?

Skólinn hefur tvímælalaust aukið möguleika sína á samstarfi við framhaldsskóla í Evrópu mjög mikið og hefur nú hafið tvö samstarfsverkefni við skóla í Evrópu sem fela einnig í sér nemendaferðir. Skólinn hefur einnig tekið á móti kennarahópi frá Evrópu í gegnum háskóla á Spáni, nemendahópi með kennara frá Færeyjum og kennara frá Þýskalandi.

Skólinn hefur einnig styrkt samstarf sitt við Building Learning Power um þá hugmyndafræði, Euroclio um sögukennslu og samtök CARN um starfendarannsóknir.

Þar hafa myndast tengsl milli einstakra kennara sem efla faglega hæfni þeirra, auka víðsýni og ánægju í starfi.

Við teljum að í kjölfar námsferðinna til ólíkra Evrópulanda hafi verið stigið skref í átt að fjölbreyttari kennsluháttum í skólanum og ferðirnar hafi einnig haft áhrif í þá átt að gefa okkur kjark og þor til að taka upp nýtt þriggja anna kerfi og setja kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem kennslufræði skólans við innleiðingu nýrrar námskrár í nýja þriggja anna kerfinu. Áherslan er á að auka virkni nemenda í náminu í gegnum fjölbreytta skapandi verkefnavinnu nemenda og leggja áherslu á að hlusta á raddir nemenda við skipulag og framkvæmd skólustarfsins. Hugmyndafræðin Building Learning Power styrkir okkur í breytingastarfinu og hefur áhrif á kennara, nemendur og foreldra þeirra. Kennarar kynna BLP fyrir nemendum sínum og stjórnendur kynna BLP fyrir foreldrum á kynningarfundum með þeim og glærum á heimasíðu skólans.

Áhersla skólans á að minnka brotthvarf nemenda hefur aukist mikið og má það m.a. rekja til áherslna Evrópusambandsins og menntamálaráðuneytisins á þessu sviði. Skólinn er strax farinn að ná árangri við að minna bótthvarf nemenda með nýrri sveiganlegri námskrá þar sem nemendur geta stjórnað námshraða sínum mun meira en áður og þriggja anna kerfið mun enn auka á þann sveigjanleika. Skólinn réð brotthvarfssérfræðing í hálf starf skólaárið 2016-2017 til að útbúa handbók fyrir skólann um ráð til að minnka brotthvarf nemenda. Því verkefni er nú lokið og gekk það mjög vel og því var ákveðið að halda áfram og ráða sérfræðinginn í hlutastarf til að skrifa handbók fyrir foreldra hvernig þau geta stutt börn sín í náminu. Þetta er mjög í anda hugmyndafræðinnar Building Learning Power.

Sumir hópanna sem fara saman í námsferðirnar eru þverfaglegir. Á CARN fóru kennarar úr íslensku, jarðfræði, stærðfræði ásamt stjórnanda. Á Building Learning Power fóru kennarar úr félagsfræði, hagfræði, lýðræðisvitund/franska, líffræði, stærðfræði og stjórnandi. Þessar námsferðir efla þverfaglega samvinnu kennara og auka hæfni og vilja kennara fyrir þverfaglegu samstarfi sem aftur eykur skilning þeirra á starfinu í ólíkum deildum innan skólans. Þetta eflir faglegt samstarf og eykur samhljóminn í breytingastarfinu við innleiðingu nýrrar námskrár, nýs þriggja anna kerfis og kennslufræðinnar um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu.

To what extent have the participating organisations increased their capacity to co-operate at European/international level?

3 To a high extent

Dissemination of Project results

Which results of your project would you like to share? Please provide concrete examples.

Á heimasíðu skólans undir Fræðsluefni - Erasmus+ eru settar upplýsingar um öll verkefni skólans sem styrkt eru af Erasmus+ bæði upplýsingar um viðkomandi stofnanir og dagskrá námskeiða og ráðstefna og þá þátttakendur sem fá styrkina. Við setjum kynningarefni um ferðirnar ýmist á heimasíðu MS eða á innra net skólans, Námsnetið. Erindi Sigurrósar Erlingsdóttur og Jónu Guðbjargar Torfadóttur; Flipping for creative and cooperative learning er aðgengilegt á heimasíðu skólans og glærum úr erindi Hjördísar Þorgeirsdóttur, konrektors og Hafþórs Guðjónssonar ytri ráðgjafa starfendarannsóknarhópsins; The role of an outside consultant in an action research

group: Two viewpoints, sem og dagskrá ráðstefnunnar og allir útdrættir úr erindunum.
<http://msund.is/page.asp?id=2703&x=>

Fjallað er um erlent samstarf og Erasmus+ verkefnið í sjálfsmatsskýrslu skólans
file:///C:/Users/Notandi/Downloads/sj_lfsmatssk_rsla_ms_2015-2016.pdf

Please describe the activities carried out to share the results of your project inside and outside participating organisations. What were the target groups of your dissemination activities?

Í lok haustannar 2016 kynntu þátttakendur á CARN ráðstefnunni ferðina til Englands á fundi starfendarannsóknarhópsins með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var þeir sem stunda starfendarannsóknir í MS. Á starfsdegi vorið 2017 kynntu þátttakendur í ferðunum á Building Learning Power ráðstefnu í London og Euroclio ráðstefnuna á Spáni fyrir öllum starfsmönnum skólans með glærum, ljósmyndum og frásögnum. Markhópurinn var allt starfsfólk skólans.

If applicable, please give examples of how the participants have shared their experience with peers within or outside your organisation.

Í lok haustannar 2016 kynntu þátttakendur á CARN ráðstefnunni ferðina til Englands á fundi starfendarannsóknarhópsins í MS. Sambland af þeim erindum sem Hjördís Þorgeirsdóttir flutti á CARN 2016 og 2015 var flutt á ráðstefnu Félags félagsfræðikennara 28.4. 2017 og á kennarafundi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 3.5.2017. Sigurrós Erlingsdóttir og Jóna Guðbjörg Torfadóttir munu flytja erindi sitt af CARN ráðstefnunni á íslensku á ráðstefnu Framhaldsskóli í þróun haldin af Menntavísindasviði HÍ og fleiri aðilum í MH 22. september 2017. Markhópurinn er allir framhaldsskólakennarar á Íslandi. Á starfsdegi vorið 2017 kynntu þátttakendur í ferðunum á Building Learning Power ráðstefnuna og Euroclio ráðstefnuna fyrir öllum starfsmönnum skólans.

Future Plans and Suggestions

Do you intend to continue cooperating with the participating organisations in future projects? How?

Já, við munum halda áfram samstarfi við þrjár af þessum stofnunum og höfum fengið Erasmus+ styrk fyrir einu af þeim verkefnum.

Við munum halda áfram samstarfi við CARN samtökin um starfendarannsóknir þó að við sækjum ekki ráðstefnu þeirra á Krít í vetur. Þau bentu okkur á að áhugavert væri fyrir okkur að sækja Féilte ráðstefnu um þróunarverkefni og starfendarannsóknir framhaldsskólakennara í Dublin sem við munum gera í október 2017 með styrk frá Erasmus+. Stefnum á að sækja ráðstefnur CARN aftur í náinni framtíð.

Að minnsta kosti mun einn kennari fer á næsta skólaári á Euroclio námskeið til Frakklands en tveir sögukennarar fóru á það í fyrra til Spánar og fjórir fóru á það árið þar áður í Belfast, allir með styrk frá Erasmus+. Á síðasta og næsta skólaári mun samstarf MS við Euroclio vera sérstaklega mikið því einn af okkar kennurum Lóa S. Kristjánsdóttir er formaður Euroclio þessi tvö skólaár. Nú er fagfélag félagsfræðikennara á Íslandi orðið meðlimur í Euroclio og þess vegna líklegt að samstarfið muni aukast á komandi árum.

Við munum halda áfram samstarfi við Building Learning Power samtökin á Englandi og Guy Claxton hugmyndafræðing þeirrar stefnu. Þessi hugmyndafræði höfðar mjög sterkt til kennara í MS sem eru að innleiða verkefnabundið nám og finna leiðir til að auka virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu. Sex kennarar og stjórnendur MS hafa sótt ráðstefnu um BLP á Englandi og einn fór í vikuférfi í Job Shadowing í skóla sem hefur innleitt hugmyndafræðina BLP. Skólinn stefnir að því að fá Guy Claxton höfund hugmyndafræðinnar til Íslands til að halda erindi á ráðstefnu í MS um BLP og kennarar munu nýta sér áfram heimusiðu BLP og upplýsingabréf sem þau senda til okkar með dæmisögum og hugleiðingum um hvernig hægt er að innleiða BLP í skólasterfinu. Fleiri kennarar munu mjög líklega fara á ráðstefnur um BLP á Englandi á næstu árum.

Please provide any further comments you might wish to make to the National Agency or the European Commission on the management and implementation of Erasmus+ projects under the Key Action „Learning Mobility of Individuals“.

Kærar þakkir fyrir styrkinn og aðstoðina við framkvæmdina, mjög gott að leita til ykkar. Mjög gagnlegt að fá að flytja hluta styrksins á milli ferða. Kynningarfundir mjög gagnlegir. Mætti vera auðveldara að sækja og skoða niðurstöður könnunarinnar meðan þátttakenda. Nauðsynlegt að bæta við plássi í Mobility Tool á netinu þar sem lokaskýrslu er skilað inn til að hægt sé að skila öllum fylgiskjölum þar inn.

Hjördís Þorgeirsdóttir

31. júlí 2017